

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Úrskurður í máli 3, 2017/2018

Kærandi: Robert Spencer

Kærði: Sigríður Hagalín Björnsdóttir, fréttamaður á fréttastofu RÚV

Kæruefni: Endurbirting viðtals Sigríðar við Robert Spencer

Málsmeðferð:

Kæran er dagsett 30. ágúst 2017 og barst skrifstofu BÍ sama dag. Fjallað var um kærana á fundum siðanefndar 12. september, 3. október og 24. október 2017. Formaður nefndarinnar, Björn Vignir Sigurpálsson, vék sæti og tók Jóhannes Tómasson sæti hans við meðferð málsins.

Umfjöllun:

Með úrskurði siðanefndar í máli 2, 2017/2018, sem upp var kveðinn 15. ágúst 2017, var komist að þeirri niðurstöðu, að vísa yrði frá kærnu kæranda á hendur kærðu vegna viðtals sem sent var út í tíu fréttum RÚV 11. maí s.l., með því að kæra kæranda í því máli hefði borist að liðnum kærufresti skv. 6. grein siðareglna. Hinn 19. ágúst 2017 var á heimasíðu RÚV birt frétt um þessa niðurstöðu siðanefndar og mátti þar jafnframt sjá hið kærða viðtal í heild sinni með því að smella á tengingarhnapp, auk þess sem viðtalið var endursagt í íslenskri þýðingu og vikið að tilteknu kærnumáli kæranda til lögreglu, sem ekki er efni kærnu þessarar. Undir fréttina á heimasíðunni er ritað: „Freyr Gígja Gunnarsson Fréttastofa RÚV.“

Siðanefnd telur að skýra beri áskilnað 1. mgr. 6. gr. siðareglna um kærufrest þannig að átt sé við fyrstu birtingu en þó verði að taka mið af heildarumfjöllun um mál í kærðum fjölmiðli ef síðari fréttir hafa að geyma ný efnisatriði, ítarlegri umfjöllun eða tilefnislausu endurtekningu, sbr. 3. mgr. 6. gr. Í hinni kærðu fréttuumfjöllun frá 19. ágúst s.l. er megininntak fréttarinnar úrskurður siðanefndar í fyrrgreindu máli. Vísað er til upprunalegu fréttarinnar og hún endursögð í íslenskri þýðingu en engu er þar við bætt. Siðanefnd telur því skilyrði 1. mgr. 6. gr. um að kæra skuli berast innan 2ja mánaða frá birtingu ekki vera uppfyllt.

Að fenginni þeirri niðurstöðu eru ekki efni til að siðanefnd taki afstöðu til þess hvort kærnu hafi réttilega verið beint gegn hinum kærða fréttamanni.

Róbert H. Haraldsson er ósammála þessari niðurstöðu meirihluta siðanefndar og skilar séráliti.

Sérálit:

Siðareglur BÍ leggja enga kvöð á fjölmiðla til að fjalla um frávísun kærnu líkt og gert er ef úrskurðað er um alvarlegt brot eða mjög alvarlegt brot fjölmiðils. Engu að síður er eðlilegt að frávísun siðanefndar BÍ sé rædd í viðkomandi fjölmiðli og öðrum fjölmiðlum. Í slíkri umfjöllun er einnig eðlilegt og jafnvel æskilegt að fjölmiðlar geri almenna grein fyrir hinni kærðu birtingu svo lesendur eða áhorfendur fái áttáð sig á samhenginu. Á hinn bóginn verður ekki séð að frávísun siðanefndar gefi fjölmiðli tilefni til að endurbirta hið kærða efni í heild sinni. Öðru nær, fjölmiðli má vera ljóst að slík endurbirting getur almennt séð verið viðkvæm og til þess fallin að valda saklausu fólki eða fólki sem á um sárt að binda sársauka eða vanvirðu. Fjölmiðli ætti a.m.k. að vera fullljóst að endurbirting á kærðu fréttæfni er særandi

fyrir tiltekna aðila (kærandi eða kærendur) þótt kæru hafi verið vísað frá vegna formgalla án efnislegrar umfjöllunar.

Við umfjöllun um frávísun verður að gera skarpan greinarmun á tilvísun í viðkomandi fréttæfni eða stuttri, almennri endursögn á því annars vegar og endurbirtingu fréttæfnisins í heild hins vegar eins og á við í þessu tilviki í síðari fréttinni hjá RÚV. Af þeim sökum eru rök fyrir því að taka síðari kærana til efnislegrar meðferðar.


Í þessu séráliti er ekki lagt efnislegt mat á hvort kærænda eigi við rök að styðjast eða hvort kærænda hafi gerst brotleg við siðareglur BÍ. Á hinn bóginn er ljóst að öll efnisatriðin sem kærænda gerir athugasemd við í upphaflegri kærnu sinni eru endurbirt í síðari fréttinni hinn 19. ágúst. Einnig er vert að benda á að RÚV hefur umgengist síðari fréttina sem sjálfstæða birtingu ekki bara með því að endurbirta viðtalið í heild sinni, ásamt áður óbirtri þýðingu á því, heldur einnig með því að leiðrétta endurbirtinguna sérstaklega án þess að leiðrétta upphaflegu fréttina. Í þeirri leiðréttingu felst viss viðurkenning fjölmiðilsins á því að endurbirting fréttar getur falið í sér siðferðileg álitamál (m.a. vegna aukins sýnileika fréttarinnar) sem ekki vakna við tilvísun í frétt eða við stutta, almenna endursögn á efni hennar.

Ekki verður heldur séð að aðrar ástæður en málskotsfrestur séu til frávísunar í þessu máli. Kærænda hefur leitað leiðréttingar sinna mála hjá viðkomandi fjölmiðli og ljóst er af málflutningi hans að hann telur leiðréttingu RÚV ekki fullnægjandi. Telji siðanefnd að vafi leiki á þætti kærðu í endurbirtingu fréttæfnisins getur siðanefnd samkvæmt ákvæðum 6. greinar litið svo á að „ritstjóri og/eða ábyrgðarmaður eigi beina aðild að“ málinu.


Úrskurður:


Kæru 3, 2017/2018 er vísað frá með atkvæðum fjögurra nefndarmanna gegn atkvæði Róberts H. Haraldssonar.


Reykjavík, 24. október 2017


Hjörtur Gíslason


Asgeir Þór Arnason


Friðrik Þór Guðmundsson


Jóhannes Tómasson


Róbert H. Haraldsson